



Ráðhús Reykjavíkur - Borgarráð
b.t. Helgu B. Laxdal
Tjarnargötu 11
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. ágúst 2017
Tilvísun: 2017070242/25.3.9

Efni: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um sýnistöku við Faxaskjól 20. júní til 5. júlí - R17070108. Svar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Vísað er til erindis borgarráðs frá 20. júní sl. þar sem óskað var eftir umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um tillögu borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um sýnistöku við Faxaskjól. Heilbrigðiseftirlitið óskar eftir því að meðferð fyrirspurnarinnar verði frestað á meðan úttekt Innri endurskoðunar fer fram m.a. með vísan til ráðlegginga embættisins.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur


Árný Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Bjarni Þóroddson

Sendandi: Inga Dóra Hrólfsdóttir, framkvæmdastjóri Veitna

Dagsetning: 9. ágúst 2017

Efni: BORGARRÁÐ 20. júlí 2017: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um sýnistöku við Faxaskjól 20. júní til 5. júlí - R17070108

Þann 21.07.2017 barst eftirfarandi fyrirspurn til Veitna og óskað eftir svari innan 3 vikna:

Tilvísun í mál: R17070108

Sæl, neðangreind fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um sýnistöku við Faxaskjól 20. júní til 5. júlí 2017 er hér með send til umsagnar Veitna og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Óskað er eftir því að Heilbrigðiseftirlitið svari liðum 1, 2, 4, 5, 6 og 7 en að Veitur svari lið 3. Vilji HER eða Veitur koma einhverju á framfæri varðandi liði sem ekki er beint sérstaklega til ykkar er það ykkur einnig frjálst.

1. Af hverju voru engin sýni tekin á tímabilinu 20. júní til 5. júlí meðan skólp rann út í sjóinn vegna bilunar í neyðarlúgu skólphreinsistöðvarinnar við Faxaskjól? 2. Af hverju var ekkert tilkynnt um bilunina, var það vegna þess að þetta var ekki vaktað og engin sýni tekin á tímabilinu 20. júní til 5. júlí eða var ástæðan önnur og þá hver? 3. Af hverju er nú fyrst eins og fram kemur í minnisblaðinu að Veitur átta sig á því að legurnar sem settar voru í fyrir 3 árum voru ekki ryðfríar og voru ónýtar og tærðar í burtu? Hvernig var eftirliti og viðhaldi háttað? Hafa orðið breytingar á eftirliti og viðhaldi á síðustu 10 árum? 4. Komið hefur fram að borgarstjóri vissi ekkert um bilunina og heyrði af henni í fjölmiðlum 5. júlí sl. Af hverju vissi borgarstjóri sem æðsti embættismaður borgarinnar ekki um bilunina? 5. Voru lög um upplýsingarétt um umhverfismál brotin og upplýsingastefna borgarinnar þar með? 6. Hvernig er samvinna borgarinnar og sóttvarnarlæknis háttað og er ekki ástæða til að bæta þau samskipti og upplýsingagjöf af hálfu borgarinnar? 7. Hvernig verður skólprárennsli og sóttþreinsun á vatnsúrgangi háttað frá nýjum Landspítala við Hringbraut og hafa farið fram viðræður við sóttvarnarlækni um það?

Svör Veitna

Liður 3: Af hverju er nú fyrst eins og fram kemur í minnisblaðinu að Veitur átta sig á því að legurnar sem settar voru í fyrir 3 árum voru ekki ryðfríar og voru ónýtar og tærðar í burtu? Hvernig var eftirliti og viðhaldi háttað? Hafa orðið breytingar á eftirliti og viðhaldi á síðustu 10 árum?

Ekki er hægt að skoða legurnar nema taka lokuna upp og þannig hleypa óhreinsuðu skólpi út á meðan. Til áréttingar og til að fyrirbyggja misskilning þá voru legurnar úr ryðfríu stáli, en tæringarþol þessa stáls ekki nægilegt fyrir þær aðstæður sem eru fyrir hendi í skolpinu.

Bilun á lokunni fannst við reglubundið eftirlit. Skemmd á legum og öxlum kom ekki í ljós fyrr en búið var að taka lokuna upp.

Lokan var endurnýjuð 2014, sú sem var á undan hafði verið notuð frá 1992. Ekki hafa verið gerðar breytingar á eftirliti síðustu 10 ár sem hefði leitt til þess að skemmd á legum hefðu fundist fyrr.